

Breytingar á skilmála Landsnets – B3 um öflun reglunarafls og uppgjör jöfnunarorku og C6 um flutningstakmarkanir

Viðbrögð Landsnets við umsögnum um breytingar á skilmálum B3 og C6 sem kynntar voru í janúar 2026.

Apríl 2026

1.	INNGANGUR OG FLOKKUN ATHUGASEMDA	3
1.1	Inngangur	3
1.2	Fjöldi umsagna	3
1.3	Flokkun athugasemda	3
2.	UMSAGNIR UM BREYTINGAR Á SKILMÁLA B3 UM ÖFLUN REGLUNARAFLS OG UPPGJÖR JÖFNUNARORKU	4
2.1	Athugasemdir um hugtakanotkun	4
2.2	Athugasemdir um jafnræði og gagnsæi	6
3.	VIÐAUKI: UMSAGNIR	9

1. Inngangur og flokkun athugasemda

1.1 Inngangur

Landsnet hefur um langt skeið unnið að stofnun næst dagsmarkaðar, sem loks varð að veruleika árið 2025. Tilkoma markaðarins kallar á breytingu á reglum um innskil jöfnunar-áætlana. Meðfram þessari vinnu var gerð úttekt á virkni jöfnunarorkumarkaðar. Gerð verður breyting á því hvernig jöfnunarorkuverð er reiknað og meðhöndlun Landsnets á flutningstakmörkunum skýrð í þeim tilgangi að auka skilvirkni, gagnsæi og sanngirni.

Skilmálarnir sem um ræðir eru B3 Skilmálar um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku og C6 Skilmálar um flutningstakmarkanir.

Drög að nýjum skilmálum voru kynnt viðskiptavinum Landsnets og öðrum hagaðilum á kynningarfundum 14. janúar 2026, þá höfðu drög að nýjum skilmálum verið birt á heimasíðu Landsnets. Í kjölfar kynningarfundar var leitað eftir umsögnum viðskiptavina og stóð umsagnarferlið opið til 6. febrúar 2026. Alls bárust tvær umsagnir.

Netmáli Landsnets, sem er samansafn skilmála Landsnets er varða m.a. flutning rafmagns, hönnun og rekstur flutningskerfisins, er í stöðugri þróun í takt við þarfir eins og þær kunna að vera hverju sinni. Netmálinn er af þeim sökum endurskoðaður og uppfærður í takt við þróun raforkumarkaðar, líkt og á við í þessu tilviki.

1.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	Landsvirkjun
02	Orka Náttúrunnar

1.3 Flokkun athugasemda

Athugasemdir sem bárust verða ekki flokkaðar efnislega heldur hefur umsögnunum verið skipt niður í númeraðar athugasemdir og er þeim svarað hverri fyrir sig í kafla 2. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi. Fyrir neðan eru svo viðbrögð Landsnets við athugasemdinni.

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [01]

Viðbrögð Landsnets:

2. Umsagnir um breytingar á skilmála B3 um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku og C6 um flutningstakmarkanir

2.1 Athugasemdir frá Landsvirkjun

Athugasemd 1

Sé gr. 6.8 í skilmála B3 virkjuð er sérstaklega skilgreint að ekki sé greitt fyrir þá niðurreglun sem óskað er eftir. Komi til þess að jöfnunarorkuverð sé ákvarðað samkvæmt grein 8.1. getur kostnaður fallið á þann sem regla þarf niður samkvæmt uppgjörsskilgreiningu greinar 6.6.

Gerð er tillaga að nýrri grein sem dregur úr líkum þess að grein 6.8. virkjist: „Kerfisstjóra er heimilt að óska eftir tilboðum í niðurreglun, telji hann fyrirbyggjandi tilboð ekki fullnægjandi.“

Einnig er gerð tillaga að breytingu á gr. 6.8 með því að bæta eftirfarandi texta við: Slíkar fyrirskipanir kerfisstjóra skulu meðhöndlaðar líkt og niðurreglunartilboð á verðinu 0 kr./MWst. Jafnræðis skal gætt við fyrirskipun niðurreglunar. [1]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet tekur undir þá gagnrýni sem meðal annars kemur fram beint og óbeint í athugasemdum 2,3, og 7 að ekki sé skýrt hvernig uppgjör þeirrar sérstöku reglunar samkvæmt greinum 5.4.1 og 5.7 í skilmála C6 fari fram.

Sérstök reglun dregst frá jöfnunarorkuuppgjöri. Noti Landsnet sem dæmi niðurreglunartilboð jöfnunarábyrgðaraðila til að leysa flutningstakmarkanir, þó engin reglun sé notuð til að ná orkujöfnuði, eða uppreglun er notuð til að ná orkujöfnuði, þá er notkun niðurreglunartilboðsins ekki hluti af jöfnunarorku aðilans og veldur þannig ekki jöfnunarorkukostnaði.

Hin vegar er réttilega bent á að samkvæmt grein 6.8. hefur Landsnet heimild til að fyrirskipa lækkun á framleiðslu virkjana sé það nauðsynlegt vegna öryggis flutningskerfisins og flokkast það ekki sem sérstök reglun nema tilboð séu til staðar. Til að koma til móts við þessa staðreynd mun Landsnet gera skýrt í skilmálanum að grein 6.8. sé ekki beitt nema engin reglunarfli tilboð séu til staðar á þeim stað sem þeirra er þörf í þessum tilgangi.

Athugasemd 2

Séu greinar 5.4.1 og 5.7 í skilmála C6 virkjaðar greiðir tilboðsgjafi Landsneti sérstaklega fyrir virkjun niðurreglunar en Landsnet tilboðsgjafa vegna uppreglunar. Þessi sérstaka meðhöndlun tilboða hefur áhrif á heildarvinnslu þess aðila sem átti tilboð sem var tekið og þá áhrif á uppgjör samkvæmt grein 6.6 í netmála B3. Líta má svo á að um tvöfalt uppgjör notkunar á reglunarfli sé að ræða. Áhrif þessarar uppgjörsaðferðar eru alls ekki ljós.

Landsvirkjun óskar því eftir að Landsnet skilgreini aðferðina formlega. [01]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet tekur undir þessa athugasemd. Að óbreyttu er grein 6.6 villandi þar sem ekki er gerður greinarmunur á uppgjör á reglunarfli sem notað er í hefðbundnum tilgangi og því sem er notað til í öðrum tilgangi. Til þess að bregðast við þessu var eftirfarandi texta bætt við grein 9.1 í skilmála B3 "Framleiðsla eða notkun orku vegna reglunarfli tilboða sem eru nýtt samkvæmt gr. 6.7 er dregin frá jöfnunarorku og hefur nýting reglunarafis í slíkum tilgangi því ekki áhrif á jöfnunarorku tilboðsgjafa. "

Athugasemd 3

Tekið er fram að tilboð sem tekið er vegna greinar 6.7 hafi ekki áhrif á verð á jöfnunarorkumarkaði. Ljóst má vera að sé boð virkjað vegna sértækra aðstæðna í samræmi við grein 6.7 er það ekki lengur aðgengilegt til almennrar virkni reglunarfli markaðar. Því er erfitt að skilja hvernig það má vera að tilboð nýtt í skilningi greinar 6.7 hafi ekki áhrif á jöfnunarorkuverð. Mun skýrara væri að skilgreina með hvaða hætti tilboð sem virkjuð eru vegna greinar 6.7 eru meðhöndluð, hvernig þau hafa áhrif á jöfnunarorkuverð og hvernig uppgjöri þeirra er hátað.

Landsvirkjun óskar eftir frekari skýringum á samspili greinar 8.4 og 6.7. [01]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet tekur undir, líkt og í svari við athugasemd 2, að skýra þarf betur í skilmála B3 hvernig uppgjör tilboða sem nýtt eru í skilningi gr. 6.7 fer fram.

Til stendur að hefðbundið jöfnunarorkuuppgjör standi óbreytt, en útfært verði sér uppgjör fyrir nýtingu reglunarafis í skilningi gr. 6.7. og gr. 5.4.1 og 5.7 í skilmála C6.

Tilboð sem nýtt eru í slíkum tilgangi hafa sannarlega ekki áhrif á jöfnunarorkuverð. Sé ákveðið uppreglunartilboð óaðgengilegt vegna flutningstakmarkanna skal virkja næsta aðgengilega tilboð í verðröðinni, og verður það greitt af Landsneti og hefur því ekki áhrif á jöfnunarorkuverð. Því er eins farið með niðurreglunartilboð. Tilboð eru ávallt notuð fyrst til að koma á orkujöfnuði, áður en þau eru notuð til að leysa flutningstakmarkanir. Sé t.a.m. uppreglunartilboð á svæði A dýrara en tilboð á svæði B og tilboð á svæði A er óaðgengilegt vegna flöskuhálsa, þá verður tilboð á svæði B að sérstakri reglun, sem leiðir ekki til hækkunar á jöfnunarorkuverði.

Athugasemd 4

Bent er á að skilgreining raforkumarkaðar í netmála er mjög þröng en aðeins er skilgreindur næstadagsmarkaður. Þá eru skilgreindar kröfur um fyrirkomulag viðskiptanna svo sem að þau skili vera nafnlaus. Gagnlegt væri að fá frekari skýringar á því hvers vegna kerfisstjóri skilgreinir raforkumarkað einungis sem næstadagsmarkað og gerir kröfur á fyrirkomulag viðskipta sem kerfisstjóri er ekki aðili að. Þá virðist ekki vera skýr stefna í kröfum til áætlana, þ.e. skilgreining á skilum jöfnunarábyrgra aðila er tekin út úr netmála en skilgreining á skilum markaðar skrifuð nákvæmlega. [01]

Viðbrögð Landsnets: Kerfisstjóri er með skilgreiningum 2.10 og 2.15 ekki að segja að allir raforkumarkaðir þurfi að vera næstadagsmarkaðir. Hins vegar er kerfisstjóri að taka fram að rekstraraðili slíks markaðar þurfi að skila jöfnunaráætlunum þótt hann sé ekki skilgreindur sem jöfnunarábyrgðaraðili. Aðalatriðið er ekki að viðskiptin séu nafnlaus, heldur að um miðlægan mótaðila sé að ræða. Miðlægur mótaðili er kaupandi gagnvart seljanda og seljandi gagnvart kaupanda og í slíkum viðskiptum veit endanlegur kaupandi ekki hver upprunalegur seljandi er og slíkum viðskiptum er erfitt að gera grein fyrir í jöfnunaráætlun. Rekstraraðili slíks markaðar þarf því að skila jöfnunaráætlunum í samræmi við það.

Ekki er farið fram á samning um jöfnunarábyrgð, enda er aðilinn hvorki ábyrgur fyrir framleiðslu eða notkun, sem eru þær mældu stærðir sem geta valdið fráviki frá jafnvægi á milli öflunar og ráðstöfunar orku. Þó er viss áhætta fólgin í grein 7.5 í skilmála B3, en komið er til móts við hana með því gera kröfur um hátternisreglur og gæði þess hugbúnaðar sem meðhöndlar tilboð á næstadagsmarkaði.

Athugasemd 5

Skilgreiningu á fyrirkomulagi sérstaks uppgjörs vegna virkjunar tilboða samkvæmt grein 5.4.1. og 5.7 í skilmála C6 vantar. Þá þarf að skilgreina hvernig virkjun og uppgjör samkvæmt umræddum greinum hefur áhrif á uppgjör samkvæmt netmála B3.

Landsvirkjun óskar eftir skilgreiningu á fyrirkomulagi sérstaks uppgjörs vegna virkjunar tilboðað skv. Grein 5.4.1 og 5.7.

Landsvirkjun óskar eftir skilgreiningu á áhrifum umræddra greina C6 á uppgjör skv. skilmála B3. [01]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet tekur undir það sjónarmið að skýra þurfi í netmála hvernig uppgjör á sérstakri reglun er háttað.

Tilgangur nýtingar reglunarafis sem lýst er í gr. 5.7 í skilmála C6 er sá sami og í gr. 6.7 í skilmála B3. Því er um sama uppgjörið að ræða.

Til þess að bregðast við þessu var eftirfarandi texta bætt við grein 9.1 í skilmála B3 "Framleiðsla eða notkun orku vegna reglunarafis tilboða sem eru nýtt samkvæmt gr. 6.7 er dregin frá jöfnunarorku og hefur nýting reglunarafis í slíkum tilgangi því ekki áhrif á jöfnunarorku tilboðsgjafa. "

Athugasemd 6

Á kynningarfundum vegna breytinga á netmála kom fram að hún myndi skýra betur þann kostnað sem flutningstakmarkanirnar valda. Í því samhengi skal bent á að uppreglun sbr. Grein 5.7 er fjórða aðgerð á lista yfir beitingu úrræða vegna flutningstakmarkana.

Landsvirkjun óskar eftir upplýsingum um mat Landsnets á áhrifum úrræða 1,2 og 3 á kostnað vegna flutningstakmarkana. [01]

Viðbrögð Landsnets: Úrræði 1, 2 og 3 eru öll til þess fallin að lækka þann kostnað af flutningstakmörkunum sem legðist á Landsnet og yrði endurheimtur í kerfisþjónustugjaldskrá. Landsnet hefur ekki greint hver kostnaður dreifiveitna, framleiðenda og stórnotenda er af flutningstakmörkunum.

Mat Landsnets er að árlegur kostnaður Landsnets vegna meðhöndlunar flöskuhálsa gæti verið allt að 240 mkr. árlega. Stærsta breytan í þeim útreikningum er staða miðlunarlóna og magn skerðanlegs flutnings á hverjum tíma.

Athugasemd 7

Varðandi samspil flutningstakmarkana og greinar 8.1. þá leggur Landsvirkjun til að ríkjandi reglunarstefna sksilgreini jöfnunarorkuverðið í tilfellum þegar ekkert reglunarafstíllboð hefur verið notað á klukkustundinni t.d. vegna flutningstakmarkana. [01]

Viðbrögð Landsnets: Í alþjóðlegum samanburði er verðmunur uppreglunartilboða og niðurreglunartilboða á Íslandi mikill og Landsnet skilur þær áhyggjur sem Landsvirkjun hefur af því. Þó ber að taka fram að virkjun sérstakrar reglunar t.a.m. vegna flutningstakmarkana hefur ekki áhrif jöfnunarorku tilboðsgjafans og því veldur þessi verðmunur tilboðsgjafanum ekki kostnaði.

Ef ekkert reglunarafstíllboð hefur verið virkjað verður jöfnunarorkuverðið jafnt lægsta uppreglunartilboði, en þá er engin ríkjandi reglunarstefna.

2.2 Athugasemdir frá Orku Náttúrunnar

Athugasemd 8

Við netmálann bætist ný grein 3.4 sem gerir kröfu um að jöfnunarábyrgir aðilar leggi fram greiðsluábyrgðir til Landsnets. ON gerir alvarlegar athugasemdir við þessa breytingu en hún getur verið kostnaðarsöm og íþyngjandi fyrir aðila.

- *Það er með öllu óljóst hvers vegna þessi breyting er gerð og er hún ekki í samræmi við þau markmið sem að er stefnt. Er því lagt til að fallið verði frá tillögu um nýja grein 3.4.*
- *Eins er með öllu óljóst á hverju upphæð ábyrgðarinnar á að byggja en vænta má að um sé að ræða töluverðar fjárhæðir.*
- *Í ljósi þess að jöfnunarábyrgir aðilar ýmist greiða eða fá greitt fyrir jöfnun getur ekki talist eðlilegt að Landsnet geti farið fram á slíka greiðslutryggingu án þess að útvega slíka tryggingu sjálft gagnvart jöfnunarábyrgum aðilum.*
- *ON leggur til að grein 3.4 verði fjarlægð í heild sinni. [02]*

Viðbrögð Landsnets: Landsnet tekur undir þessar athugasemdir og fellur frá breytingunni.

Athugasemd 9

Nokkrar af greinunum fjalla nú um „reglur Landsnets“. ON getur tekið undir að það geti verið gott að slíkar reglur séu ekki fastar í netmálum og vænta má að Landsnet geti þá verið kvikara í að gera breytingar eftir aðstæðum hverju sinni.

- *ON saknar þó þess að settur sé skýr tímarammi á slíkar breytingar og að aðilar hafi skýrar leiðir til að gera athugasemdir við breytingar. Gott væri að bæta í netmálann ákvæði sem segir að Landsnet muni tilkynna breytingar á reglunum með minnst 2 vikna fyrirvara. Þá bendir ON á að eigi reglurnar að vera lagalega bindandi fyrir viðskiptavini Landsnets hljóti að þurfa að tryggja aðkomu hagaðila að setningu reglnanna, sem og að ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra séu kærarlegar.*
- *ON gerir einnig athugasemd við það að seinni hluti greinar 7.3 sé ekki felldur inn í reglurnar heldur haldist í netmála. Eðlilegast væri að nákvæmar tímasetningar á skilum rekstraraðila raðfokumarkaða fylgi sama ferli og skil annara og sé því ákvarðar í reglum Landsnets en ekki í netmála. [02]*

Viðbrögð Landsnets: Landsnet tekur undir sjónarmið ON þess efnis að í netmála sé tilgreindur ákveðinn frestur, þ.e.a.s. frestur frá því að Landsnet tilkynnir hagaðilum um fyrirhugaðar breytingar á reglum og fram að gildistöku þeirra. Kann slíkur frestur að skapa svigrúm til handa hagaðila til þess að gera ráðstafanir eftir því sem þurfa þykir. Landsnet leggur til að frestur sé a.m.k. 4 vikur frá tilkynningu. Reglur sem þessar eru hluti af kerfisstjórn og til samræmis við skyldur kerfisstjóra að lögum, sem felast einkum í því að tryggja öruggan rekstur og stöðugleika flutningskerfisins. Ekki er um kæránlega ákvörðun að ræða. Í ljósi þess telur Landsnet einnig rétt að setja seinni hluta greinar 7.3 í reglurnar líka, til samræmis við sjónarmið ON.

Athugasemd 10

Í grein 8.1 er talað um að jöfnunarorkuverð ákvarðist af því uppreglunar- eða niðurreglunarverði sem er notað í a.m.k. 10 mínútur. Hér mætti vera skýrara hvort átt er við um samfelldar 10 mínútur eða samanlagðar 10 mínútur innan klukkutíma. Er nóg að tilboði hafi verið tekið í 5 mín í byrjun klukkutíma og svo aftur í 5 mín í lok hans eða verða þessar 10 mín að vera samfelldar? [02]

Viðbrögð Landsnets: Landsnet tekur undir. Hið rétta er að um samfelldar 10 mínútur er að ræða og verður gerð breyting til samræmis.

Athugasemd 11

ON gerir athugasemd við það hvernig jöfnunarorkuverð í dæmunum um jákvæða og neikvæða aflþörf er reiknað. Í dæmunum eru ekki sömu tilboð verðsetjandi og hefur það óneitanlega áhrif á jöfnunarorkuverð. Í dæminu um jákvæða aflþörf er engin breyting á verðinu en það er eingöngu vegna þess að tilboðin sem eru verðsetjandi eru bæði með sama verð. Í dæminu um neikvæða aflþörf er verðið ekki það sama með og án flutningstakmarkana.

Til að tryggja það að nýting reglunarafis vegna flutningstakmarkana hafi ekki áhrif á jöfnunarorkuverð leggur ON til að jöfnunaraorkuverð sé alltaf reiknað út frá því að engar flutningstakmarkanir séu til staðar. Sú breyting kallar á það að netmálinn verði orðaður þannig að tilboð sem ekki var tekið geti verið verðsetjandi ef flutningstakmarkanir valda því að ekki sé hægt að taka tilboðinu. [02]

Viðbrögð Landsnets: Nýtt fyrirkomulag gerir það að verkum að jöfnunarorkuverð hækkar ekki við flutningstakmarkanir.

Skoðum hvað gerist ef tilboð NOR_UP_2 og SUD_UP_2 eru ekki á sama verði og gefum okkur að NOR_UP_2 væri á verðinu 15.600 kr./MWh. Þá verða flutningstakmarkanirnar til lækkunar því án flutningstakmarkanna yrði jöfnunarorkuverðið 15.600 kr./MWh en með flutningstakmörkunum yrði verðið 15.560 kr./MWh.

Skoðum ef NOR_UP_2 væri á lægra verði en SUD_UP_2, t.d. 15.000 kr./MWh. Þá væri jöfnunarorkuverðið án flutningstapa 15.560 kr./MWh og einnig 15.560 kr./MWh með flutningstakmörkunum.

Athugasemd 12

Líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum ON, sjá umsögn ON frá 31. janúar 2025 við breytingu á netmála B.3, gerir ON alvarlegar athugasemdir við ákvæði um næstadagsmarkaði í netmálanum.

- Það að skilgreina sérstaklega næstadagsmarkað en ekki raforkumarkað er útilokandi fyrir rekstraraðila raforkumarkaða. Sé vilji aðila að vera með t.d. viku markað, mánaðarmarkað eða annað slíkt er slíkt form útilokað með þröngri skilgreiningu Landsnets. Slík skilgreining er til þess fallin að hamla þróun raforkumarkaða og í raun setur Landsnet hér ramma utan um hvað félagið telur að ætti að vera markaðsformið fremur en að leyfa mörkuðum að þróast og smíða netmálana með þeim hætti að önnur markaðsform en næstadagsmarkaður geti t.d. sent inn jöfnunaráætlanir.*
- Ef orðalag netmálans væri opnara, þannig að hann nái ekki eingöngu utan um næstadagsmarkaði er ekki að sjá að það myndi breyta nokkru fyrir Landsnet eða rekstraraðila næstadagsmarkaða sem nú nýta sér*

Þetta ákvæði. Það myndi þó gefa öðrum rekstraraðilum raforkumarkaða færi á að bjóða þjónustu til sinna viðskiptavina sem Landsnet stendur nú í vegi fyrir.

- Enn fremur er nú skilgreint í netmála að rekstraraðilar næstsdagsmarkaðar þurfi að skila inn jöfnunaráætlunum fyrir kl. 13:00 en Landsneti á að vera fullljóst að næstsdagsmarkaður Vonarskarðs hefur ekki klárað sín sóluferli á þeim tíma og er því útilokaður hér.*
- Það er erfitt að skilja tilgang svo þröngur skilgreiningar öðruvísi en svo að hún eigi að gefa dótturfélagi Landsnets, Elmu, forskot á markaði fram yfir samkeppnisaðila þess. [02]*

Viðbrögð Landsnets: Með skilgreiningum í skilmála B3 segir Landsnet ekki að allir raforkumarkaðir þurfi að vera næstsdagsmarkaðir. Hins vegar er tekið fram að rekstraraðili slíks markaðar þurfi að skila jöfnunaráætlunum þótt hann sé ekki skilgreindur sem jöfnunarábyrðaraðili. Miðlægur mótaðili er kaupandi gagnvart seljanda og seljandi gagnvart kaupanda og í slíkum viðskiptum veit endanlegur kaupandi ekki hver upprunalegur seljandi er og slíkum viðskiptum er erfitt að gera grein fyrir í jöfnunaráætlun. Rekstraraðili slíks markaðar þarf því að skila jöfnunaráætlunum í samræmi við það.

Ekki er farið fram á samning um jöfnunarábyrgð, enda er aðilinn hvorki ábyrgur fyrir framleiðslu eða notkun, sem eru þær mældu stærðir sem geta valdið fráviki frá jafnvægi á milli öflunar og ráðstöfunar orku. Þó er viss áhætta fólgin í grein 7.5 í skilmála B3, en komið er til móts við hana með því gera kröfur um háttarnisreglur og gæði þess hugbúnaðar sem meðhöndlar tilboð á næstsdagsmarkaði.

Landsnet tekur ekki undir að tímafrestur til að skila inn jöfnunaráætlunum klukkan 13:00 sé útilokandi fyrir nokkurn aðila hér á landi, frekar en erlendis. Mikilvægt er fyrir Landsnet að fá niðurstöðu næstsdagsuppbóða tímanlega svo hægt sé að keyra aflflæðilíkon og beita úrræðum samkvæmt skilmála C6 ef niðurstaðan gefur til kynna flutningstakmarkanir.

Athugasemd 13

Í netmála B3 grein 10.2 er talað um þóknun Landsnets af jöfnunaraorkuuppgjöri og að sú þóknun eigi að vera í gjaldskrá Landsnets. Skv. gjaldskrá er þessi þóknun 2%. ON leggur til að gjaldskránni verði breytt á þann máta að þóknunin sé föst upphæð fyrir hverja MWst sem uppgjörið nær yfir.

- Ekki er að sjá að kostnaður Landsnets af uppgjörinu sé háður jöfnunarorkuverði og ætti hann því að mati ON að vera föst upphæð fyrir hverja orkueiningu.*
- Föst upphæð ætti að gera það að verkum að Landsnet fái jafnari tekjur af jöfnunarorkuuppgjörinu.*
- Hlutfallsleg þóknun gerir það líka að verkum að Landsnet hefur fjárhagslegan hag af því að jöfnunarorkuverð sé sem hæst, sem getur ekki talist eðlilegt. [02]*

Viðbrögð Landsnets: Landsnet þakkar ábendinguna og verður þetta tekið til skoðunar við næstu endurskoðun á netmálanum.

3. Viðauki: umsagnir

Hér að neðan er að finna umsagnir hagaðila eins og þær bárust Landsneti.

3.1 Viðauki 1: umsögn Landsvirkjunar

Landsnet
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2026
E-2026-010/00.11

Efni: Breytingar á skilmálum B3 um öflun reglunarafsts og uppgjör jöfnunarorku og C6 um flutningstakmarkanir

Visað er til tölvupósts frá 30. desember sl. þar sem Landsnet tilkynnti Landsvirkjun um fyrirhugaðar breytingar á skilmálum B.3 um öflun reglunarafsts og uppgjör jöfnunarorku og C.6 um flutningstakmarkanir. Landsvirkjun hefur kynnt sér breytingarnar og þakkar tækifærið til umsagnar.

Að mati fyrirtækisins er nauðsynlegt að netmáli geri skýran greinarmun á nýtingu reglunarafsts sem hluta af markaðslegu jöfnunarferli annars vegar og sem kerfisaðgerð vegna flutningstakmarkana hins vegar. Mikilvægt er að tryggja að kerfisaðgerðir hafi ekki ófyrirséð áhrif á jöfnunarorkuuppgjör markaðsaðila.

Landsvirkjun telur jafnframt mikilvægt að markaðsaðilar hafi aðgang að skýrum og rekjanlegum upplýsingum um hvenær reglunarafli sé nýtt vegna flutningstakmarkana, á hvaða forsendum og hvernig slík nýting birtist í uppgjöri.

Varðandi fyrirhugaðar breytingar vill Landsvirkjun koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

B.3 Skilmálar um öflun reglunarafsts og uppgjör jöfnunarorku

Um reglunarstefnu og verðlagningu (grein 2.16 og 8.1)

Að mati Landsvirkjunar er skilgreining á ríkjandi jöfnunarstefnu og verðlagning byggð á ríkjandi reglunarstefnu mjög jákvæð breyting. Ljóst þykir að klukkustundarlöng tímaskref á raforkumarkaði endurspeglar ekki hraða í notkun reglunarafsts sem leiðir af sér að verðlagning jöfnunarorku verður alltaf nálgun á hinu eiginlega ástandi. Tillögur um að ríkjandi stefna hafi áhrif á verðákvörðunina eru afar jákvæðar og mikil bót frá tilviljunarkenndri verðákvörðun líkt og nú er við lýði. Landsvirkjun styður breytinguna og vonar að hún skapi hvata til aukinnar þátttöku á markaðnum.

Um uppgjör á reglunarafli (grein 6.6)

Ekki er gerð breyting á grein 6.6 en hún krefst sérstakrar skoðunar vegna greinar 6.8 og breytinga C6 5.4.1 og 5.7. Mikilvægt er að gæta samræmis vegna eftirfarandi áhrifa.

1. **Áhrif greinar 6.8 á uppgjör reglunarafsts:** Sé grein 6.8 virkjuð er sérstaklega skilgreint að ekki sé greitt fyrir þá niðurreglun sem óskað er eftir. Komi til þess að jöfnunarorkuverð sé ákvarðað samkvæmt grein 8.1, getur kostnaður fallið á þann sem regla þarf niður samkvæmt uppgjörsskilgreiningu greinar 6.6.

Í ljósi þessa leggur Landsvirkjun til eftirfarandi breytingar:

- 1.1. Gerð er tillaga að nýrri grein sem dregur úr líkum þess að grein 6.8 virkist:

„Kerfisstjóra er heimilt að óska eftir tilboðum í niðurreglum, telji hann fyrirbyggjandi tilboð ekki fullnægjandi.“



- 1.2. Lagt er til að bætt verði við texta í grein 6.8 um að fyrirskipanir kerfisstjóra um lækkun hjá vinnslufyrirtækjum séu meðhöndlaðar líkt og núlltilboð í niðurreglun. Með þessu væri komist hjá því að sá sem fái skipun um niðurreglun geti orðið fyrir beinum kostnaði umfram mögulegan kostnað sem niðurreglunin getur valdið í vinnsluferfi viðkomandi.

Tillaga að nýjum texta (undirstrikaður) sem bætt verði við í grein 6.8:

„Landsneti er heimilt að lækka eða fyrirskipa lækkun á framleiðslu virkjana, sé það nauðsynlegt vegna öryggis flutningskerfisins, þar með talið vegna flutningstakmarkana. Ekki er greitt fyrir framlag virkjana til niðurreglunar í þessum tilgangi. Slíkar fyrirskipanir kerfisstjóra skulu meðhöndlaðar líkt og niðurreglunartilboð á verðinu 0 kr/MWst. Jafnræðis skal gætt við fyrirskipun niðurreglunar.“

2. Áhrif greina C6 5.4.1 og 5.7 á uppgjör reglunarafls: Séu umræddar greinar virkjaðar greiðir tilboðsgjafi Landsneti sérstaklega fyrir virkjun niðurreglunar en Landsnet tilboðsgjafa vegna uppreglunar. Þessi sérstaka meðhöndlun tilboða hefur áhrif á heildarvinnslu þess aðila sem átti tilboð sem var tekið og þá áhrif á uppgjör samkvæmt grein 6.6 í netmála B3. Lita má svo á að um tvöfalt uppgjör notkunar á reglunarafli sé að ræða. Áhrif þessarar uppgjörsaðferðar eru alls ekki ljós.

Landsvirkjun óskar því eftir að Landsnet skilgreini aðferðina formlega.

Grein 8.4 og áhrif á jöfnunarorkumarkað

Tekið er fram að tilboð sem tekið er vegna greinar 6.7 hafi ekki áhrif á verð á jöfnunarorkumarkaði. Ljóst má vera að sé boð virkjað vegna sértækra aðstæðna í samræmi við grein 6.7 er það ekki lengur aðgengilegt til almennrar virkni reglunaraflsmarkaðar. Því er erfitt að skilja hvernig það má vera að tilboð nýtt í skilningi greinar 6.7 hafi ekki áhrif á jöfnunarorkuverð. Mun skýrara væri að skilgreina með hvaða hætti tilboð sem virkjuð eru vegna greinar 6.7 eru meðhöndluð, hvernig þau hafa áhrif á jöfnunarorkuverð og hvernig uppgjöri þeirra er háttað.

Landsvirkjun óskar eftir frekari skýringum á samspili greinar 8.4 og 6.7.

Um skilgreiningu raforkumarkaðar í netmála (grein 2.10, 2.15, 7.3, 7.6)

Bent er á að skilgreining raforkumarkaðar í netmála er mjög þröng en aðeins er skilgreindur næstadagsmarkaður. Þá eru skilgreindar kröfur um fyrirkomulag viðskiptanna svo sem að þau skuli vera nafnlaus. Gagnlegt væri að fá frekari skýringar á því hvers vegna kerfisstjóri skilgreinir raforkumarkað einungis sem næstadagsmarkað og gerir kröfur á fyrirkomulag viðskipta sem kerfisstjóri er ekki aðili að. Þá virðist ekki vera skýr stefna í kröfum til áætlana, þ.e. skilgreining á skilum jöfnunarábyrgra aðila er tekin út úr netmála en skilgreining á skilum markaðar skrifuð nákvæmlega.

Landsvirkjun óskar eftir nánari skilgreiningu á forsendum þröngrar skilgreiningar næstadagsmarkaðar.



C.6 Skilmálar um flutningstakmarkanir

Uppgjör tilboða (greinar 5.4.1 og 5.7)

Skilgreiningu á fyrirkomulagi sérstaks uppgjors vegna virkjunar tilboða samkvæmt grein 5.4.1 og 5.7 vantar. Þá þarf að skilgreina hvernig virkjun og uppgjör samkvæmt umræddum greinum í C6 hefur áhrif á uppgjör samkvæmt netmála B3.

Til frekari útskýringar má nefna að reglunarafli [MW] og orkuverð [kr/MWh] er tilgreint þegar reglunarafstíloðum er skilað inn. Í netmála B3 er skilgreint hvernig jöfnunarorka skuli reiknuð og að uppgjör byggji á jöfnunarorkuverði [kr/MWh] og jöfnunarorku [MWh]. Ekki verður séð af netmála C6 hvernig orkulíður skilgreinist við virkjun tilboðsins en það má vera grundvöllur þess að reikna út kostnað og framkvæma greiðslur. Umfjöllun að neðan um sýnidæmi 1 rökfærir enn frekar þörf á skilgreiningum.

Landsvirkjun óskar eftir skilgreiningu á fyrirkomulagi sérstaks uppgjors vegna virkjunar tilboða skv. grein 5.41 og 5.7.

Landsvirkjun óskar eftir skilgreiningu á áhrifum umræddra greina C6 á uppgjör skv. netmála B3.

Um meginmarkmið

Á kynningarfundum vegna breytingar á netmála kom fram að hún myndi skýra betur þann kostnað sem flutningstakmarkanir valda. Í því samhengi skal bent á að uppreglun sbr. grein 5.7 er fjórða aðgerð á lista yfir beitingu úrræða vegna flutningstakmarkana.

Landsvirkjun óskar eftir upplýsingum um mat Landsnets á áhrifum úrræða (1), (2) og (3) á kostnað vegna flutningstakmarkana.

Umfjöllun um samspil uppgjors í B3 og C6 út frá dæmi 1 úr fylgiskjalinu Sýnidæmi af vef Landsnets

Gefum okkur að aðili N bjóði niðurreglun fyrir norðan og aðili S bjóði uppreglun fyrir sunnan. Gefum okkur einnig að þeir væru í fullkomnu jafnvægi ef engum tilboðum væri tekið.

Nú er tilboðum S fyrir 10 MW í uppreglun tekið samkvæmt C6 og þau notuð að fullu í 30 mínútur. Vinnsla S eykst um 5 MWh yfir klukkustundina. Samkvæmt B3 grein 6.6 er mælingin hjá S hærrí og fær hann greiddar 100 kr * 5 MWh samkvæmt því. Skilgreina þarf hver greiðsla vegna C6 er en í netmála er ekki skýrt hvort greitt sé miðað við fulla notkun (10 MWh) alls 157.495 krónur eða raunnotkun (5 MWh) 78.748 krónur.

Fyrir aðila N snýst dæmið við. Hann kaupir 5 MWh á jöfnunarorkumarkaði á 100 kr/MWh samkvæmt B3 grein 6.6 og greiðir 500 krónur fyrir. Sama spurning vaknar og fyrir aðila S þegar kemur að uppgjöri vegna niðurreglunarinnar en þar sem verðið í dæminu er núll er óþarfi að reikna það hér.

Tölulega áhugaverðari niðurstöður hefðu komið fram ef NOR_UP_1 og NOR_NI_3 hefðu verið hærrí tölur. Þetta litla dæmi ætti að sýna fram á vandamálið sem liggur að baki spurningunni um það hvort ekki þurfi að skilgreina sjálfstætt uppgjör fyrir tilboð sem eru virkjuð samkvæmt C6. Landsvirkjun vísar þannig til athugasemdar að ofan um nauðsyn þess að skilgreina fyrirkomulag sérstaks uppgjors vegna virkjunar tilboða skv. grein 5.41 og 5.7.



Dæmi 1 – Engin aflþörf

Án flutningstakmarkana				Með flutningstakmörkunum			
Aflþörf	0			Aflþörf	0	Þfun	
				SUD	+10	Rökunháls	
				NOR	-10	Rökunháls	
Tilboð	All	Notað	Virð	Tilboð	All	Notað	Virð
NOR_UP_8	2		35.000	NOR_UP_8	2		35.000
NOR_UP_7	5		32.500	NOR_UP_7	5		32.500
NOR_UP_6	3		30.000	SUD_UP_6	5		30.000
NOR_UP_5	10		25.000	NOR_UP_5	10		25.000
NOR_UP_4	5		19.734	NOR_UP_4	5		19.734
SUD_UP_4	9		19.734	SUD_UP_4	9		19.734
SUD_UP_3	6		15.939	SUD_UP_3	6	5	15.939
NOR_UP_2	5		15.960	NOR_UP_2	5		15.960
SUD_UP_2	5		15.960	SUD_UP_2	5	5	15.960
NOR_UP_1	5		100	NOR_UP_1	5		100
SUD_N_1	-40		1	SUD_N_1	-40		1
NOR_N_3	-30		0	NOR_N_3	-30	-10	0
SUD_N_2	-20		0	SUD_N_2	-20		0
SUD_N_3	-10		0	SUD_N_3	-10		0



Umfjöllun um jöfnunarorkuverð frá dæmi 3 úr fylgiskjalinu *Sýnidæmi af vef Landsnets*

Á kynningarfundum sem Landsnet stóð fyrir þann 14. janúar 2026 kom fram að flutningstakmarkanir hafa ekki haft áhrif á jöfnunarorkuverðið og munu áhrif flutningstakmarkana ekki hafa áhrif eftir þessa breytingu. Í dæmi 3 virðist annað koma fram, þ.e. að öll tilboð sem eru notuð séu vegna sérstakrar reglunar og vegna þess er ekki hægt að virkja fyrsta niðurreglunartilboðið vegna flutningstakmarka. Þá gildi ódýrasta uppreglunarverðið þrátt fyrir að aflþörfin sé neikvæð um 15 MW, áður en litið er til flutningstakmarkana.

Varðandi samspil flutningstakmarkana og greinar 8.1 þá leggur Landsvirkjun til að ríkjandi reglunarstefna skilgreini jöfnunarorkuverðið í tilfellum þegar ekkert reglunarafstilboð hefur verið notað á klukkustundinni t.d. vegna flutningstakmarkana.

Landsvirkjun óskar enn fremur eftir að þessi atriði séu útskýrð frekar fyrir hagsmunaaðilum.



Dæmi 3 – Neikvæð aflþörf

Aflþörf	Án flutningstakmarkanna			Aflþörf	Með flutningstakmörkunum		
	-15				-10		
	Alf	Notað	Verð		Alf	Notað	Verð
NOR_UP_8	2		35.000	NOR_UP_8	2		35.000
NOR_UP_7	5		32.500	NOR_UP_7	5		32.500
NOR_UP_6	3		30.000	SUD_UP_6	5		30.000
NOR_UP_5	10		25.000	NOR_UP_5	10		25.000
NOR_UP_4	5		19.734	NOR_UP_4	5		19.734
SUD_UP_4	9		19.734	SUD_UP_4	9		19.734
SUD_UP_3	6		15.939	SUD_UP_3	6	5	15.939
NOR_UP_2	5		15.560	NOR_UP_2	5		15.560
SUD_UP_2	5		15.560	SUD_UP_2	5	5	15.560
NOR_UP_1	5		100	NOR_UP_1	5		100
SUD_NL_1	-40	-15	1	SUD_N_1	-40		1
NOR_N_3	-30		0	NOR_NL_3	-30	-25	0
SUD_NL_2	-20		0	SUD_N_2	-20		0
SUD_NL_3	-10		0	SUD_N_3	-10		0



Að mati Landsvirkjunar eru fyrirhugaðar breytingar að mörgu leyti jákvæðar en í ljósi þeirra athugasemda sem hér hafa verið tilgreindar telur Landsvirkjun að netmálinn þarfnist aðlagana. Mikilvægt er að gæta skýrleika um leikreglur, aðgengi að upplýsingum og að komið sé í veg fyrir ófyrirséðar afleiðingar. Landsvirkjun er tilbúin til að gera Landsneti frekari grein fyrir þeim ábendingum sem hér eru settar fram sé þess óskað og áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,
Kristín Linda Árnadóttir
 Aðstoðarforstjóri

Tinna Traustadóttir
 Framkvæmdastjóri sölu og þjónustu

3.2 Viðauki 2: umsögn Orku Náttúrunnar



Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2026

Efni: Umsögn Orku náttúrunnar um uppfærða netmála B.3 og C.6

Hér á eftir er að finna umsögn Orku náttúrunnar (ON) við uppfærða netmála B.3 um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku og C.6 um flutningstakmarkanir. ON þakkar Landsneti fyrir tækifærið að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og vill sérstaklega þakka fyrir góða kynningu á uppfærslunni þann 14. janúar s.l. ON áskilur sér rétt til að koma frekari ábendingum og/eða athugasemdum að eftir því sem ástæða þykir til.

Almennt um breytinguna í heild

- Tilgangur breytinganna er m.a. að lágmarka handvirkt inngrip og útreikninga á jöfnunarorkuverði. Þetta er mikið fagnaðarefni og ætti að gera það að verkum að hægt verði að gefa út jöfnunarorkuverð innan dags og jafnvel í rauntíma. Örari birting jöfnunarorkuverðs og magns reglunar er eitthvað sem ON hefur lengi talað fyrir og fagnar félagið því þessum áformum Landsnets.
- Verið er að skýra línur með hvernig má nýta reglunarafi til að komast hjá flutnings-takmörkunum og auka sýnileika og sanngirni kostnaðar við það. ON fagnar því að skýrar reglur séu settar um þessa notkun á reglunarafli og að markmiðið sé að hún hafi ekki áhrif á jöfnunarorkuverð.
- Lagt er upp með að skilgreina ríkjandi reglunarstefnu sem segir þá til um hvort ákveðinn klukkustund sé flokkuð sem uppreglun eða niðurreglun. ON telur þetta vera góða breytingu sem er til þess fallin að auka sanngirni og eðlilegri flokkun klukkustunda í upp- eða niðurreglun.

Athugasemdir við breytingar á netmála B.3

- Við netmálann bætist ný grein 3.4 sem gerir kröfu um að jöfnunarábyrgir aðilar leggi fram greiðsluábyrgðir til Landsnets. ON gerir alvarlegar athugasemdir við þessa breytingu en hún getur verið kostnaðarsöm og íþyngjandi fyrir aðila.
 - Það er með öllu óljóst hvers vegna þessi breyting er gerð og er hún ekki í samræmi við þau markmið sem að er stefnt. Er því lagt til að fallið verði frá tillögu um nýja grein 3.4.
 - Eins er með öllu óljóst á hverju upphæð ábyrgðarinnar á að byggja en vænta má að um sé að ræða töluverðar fjárhæðir.
 - Í ljósi þess að jöfnunarábyrgir aðilar ýmist greiða eða fá greitt fyrir jöfnun getur ekki talist eðlilegt að Landsnet geti farið fram á slíka greiðslutryggingu án þess að útvega slíka tryggingu sjálfst gagnvart jöfnunarábyrgum aðilum.
 - ON leggur til að grein 3.4 verði fjarlægð í heild sinni.

- Nokkrar af greinunum fjalla nú um „reglur Landsnets“. ON getur tekið undir að það geti verið gott að slíkar reglur séu ekki fastar í netmálum og vænta má að Landsnet geti þá verið kvikara í að gera breytingar eftir aðstæðum hverju sinni.
 - ON saknar þó þess að settur sé skýr tímarammi á slíkar breytingar og að aðilar hafi skýrar leiðir til að gera athugasemdir við breytingar. Gott væri að bæta í netmálann ákvæði sem segir að Landsnet muni tilkynna breytingar á reglunum með minnst 2 vikna fyrirvara. Þá bendir ON á að eigi reglurnar að vera lagalega bindandi fyrir viðskiptavinum Landsnets hljóti að þurfa að tryggja aðkomu hagaðila að setningu reglnanna, sem og að ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra séu kærarlegar.
 - ON gerir einnig athugasemd við það að seinni hluti greinar 7.3 sé ekki felldur inn í reglurnar heldur haldist í netmála. Eðlilegast væri að nákvæmar tímasetningar á skilum rekstraraðila raforkumarkaða fylgi sama ferli og skil annara og sé því ákvarðar í reglum Landsnets en ekki í netmála.
- Í grein 8.1 er talað um að jöfnunarorkuverð ákvarðist af því uppreglunar- eða niðurreglunarverði sem er notað í a.m.k. 10 mínútur. Hér mætti vera skýrara hvort átt er við um samfelldar 10 mínútur eða samanlagðar 10 mínútur innan klukkutíma. Er nóg að tilboði hafi verið tekið í 5 mín í byrjun klukkutíma og svo aftur í 5 mín í lok hans eða verða þessar 10 mín að vera samfelldar?

Athugasemdir við útreikninga á jöfnunarorkuverði

- ON gerir athugasemd við það hvernig jöfnunarorkuverð í dæmunum um jákvæða og neikvæða aflþörf er reiknað. Í dæmunum eru ekki sömu tilboð verðsetjandi og hefur það óneitanlega áhrif á jöfnunarorkuverð. Í dæminu um jákvæða aflþörf er engin breyting á verðinu en það er eingöngu vegna þess að tilboðin sem eru verðsetjandi eru bæði með sama verð. Í dæminu um neikvæða aflþörf er verðið ekki það sama með og án flutningstakmarkana.
 - Til að tryggja það að nýting reglunarafis vegna flutningstakmarkana hafi ekki áhrif á jöfnunarorkuverð leggur ON til að jöfnunaraorkuverð sé alltaf reiknað út frá því að engar flutningstakmarkanir séu til staðar. Sú breyting kallar á það að netmálinn verði orðaður þannig að tilboð sem ekki var tekið geti verið verðsetjandi ef flutningstakmarkanir valda því að ekki sé hægt að taka tilboðinu.

Athugasemdir við breytingar á netmála C.6

- Engar sérstakar athugasemdir.

Skilgreining næstadagsmarkaðar í netmálunum

- Líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum ON, sjá umsögn ON frá 31. janúar 2025 við breytingu á netmála B.3, gerir ON alvarlegar athugasemdir við ákvæði um næstadagsmarkaði í netmálanum.
 - Það að skilgreina sérstaklega næstadagsmarkað en ekki raforkumarkað er útilokandi fyrir rekstraraðila raforkumarkaða. Sé vilji aðila að vera með t.d. viku markað, mánaðarmarkað eða annað slíkt er slíkt form útilokað með

þröngri skilgreiningu Landsnets. Slík skilgreining er til þess fallin að hamlá þróun raforkumarkaða og í raun setur Landsnet hér ramma utan um hvað félagið telur að ætti að vera markaðsformið fremur en að leyfa mörkuðum að þróast og smíða netmálana með þeim hætti að önnur markaðsform en næstadagsmarkaður geti t.d. sent inn jöfnunaráætlanir.

- Ef orðalag netmálans væri opnara, þannig að hann nái ekki eingöngu utan um næstadagsmarkaði er ekki að sjá að það myndi breyta nokkru fyrir Landsnet eða rekstraraðila næstadagsmarkað sem nú nýta sér þetta ákvæði. Það myndi þó gefa öðrum rekstraraðilum raforkumarkaða færi á að bjóða þjónustu til sinna viðskiptavina sem Landsnet stendur nú í vegi fyrir.
- Enn fremur er nú skilgreint í netmála að rekstraraðilar næstadagsmarkaðar þurfi að skila inn jöfnunaráætlunum fyrir kl. 13:00 en Landsneti á að vera fullljóst að næstadagsmarkaður Vonarskarðs hefur ekki klárað sín sölufæri á þeim tíma og er því útilokaður hér.
- Það er erfitt að skilja tilgang svo þröngrar skilgreiningar öðruvísi en svo að hún eigi að gefa dótturfélagi Landsnets, Elmu, forskot á markaði fram yfir samkeppnisaðila þess.

Athugasemdir við gjaldskrá Landsnets

- Í netmála B.3 grein 10.2 er talað um þóknun Landsnets af jöfnunaraorkuuppgjöri og að sú þóknun eigi að vera í gjaldskrá Landsnets. Skv. gjaldskrá er þessi þóknun 2%. ON leggur til að gjaldskránni verði breytt á þann máta að þóknunin sé föst upphæð fyrir hverja MWst sem uppgjörð nær yfir.
 - Ekki er að sjá að kostnaður Landsnets af uppgjörinu sé háður jöfnunarorkuverði og ætti hann því að mati ON að vera föst upphæð fyrir hverja orkueiningu.
 - Föst upphæð ætti að gerir það að verkum að Landsnet fái jafnari tekjur af jöfnunarorkuuppgjörinu.
 - Hlutfallsleg þóknun gerir það líka að verkum að Landsnet hefur fjárhagslegan hag af því að jöfnunarorkuverð sé sem hæst, sem getur ekki talist eðlilegt.

Virðingarfyllt,
Dagur Helgason
Sérfræðingur í orkumiðlun